



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN



Jól í Áslandsskóla

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Jólhald í Áslandsskóla 2007
- Jólamorgunstundir
- Til þeirra er minna mega sín
- Tröllaheimar í jólaleyfi
- Litlu jól
- Stofu jól
- Jólasaga
- Bréf til jólasveinsins

Börnin mín

Eftir Leif S. Garðarsson, skólastjóra

Rjóð og falleg skríð' undir sæng,
syfjuð – kominn tími á háttinn.
Góðan Guð um verndarvæng,
biðja – það gefur aukinn máttinn.

Dugleg ætíð, hvern dag í skóla,
daman og piltarnir nýja siði,
temja sér öll—enda stutt til jóla,
sofna að kveldi í ró og friði.

Sveinki gægist í þeirra glugga,
laumar góðgæti ofan í skóinn.
Hvort heldur úti sé regn eða mugga,
best honum finnst þó að arka snjóinn.

Alhvítur kemur hann, aðfangadagur,
eftirvænting úr andlitum skín.
Barnahópur minn, bjartur og fagur,
ó hvað ég elska ykkur börnin mín.

*Starfsfólk Áslandsskóla sendir
nemendum, forráðamönnum og
öðrum velunnurum skólans hugheilar jólakveðjur*

**Fimmtudaginn 3. janúar starfar starfsfólk að skipulagsstörfum í skólanum.
Skólastarf hefst að nýju föstudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá.**

Jólasaga frá Þórdísu Elvu í Garpheimum

Einu sinni var stelpa sem var að biða eftir jólunum og svo mátti hún opna dagatalið og fyrst var 1 og þar var bíll og þetta var nefnilega súkkulaði og svo næsta dag mátti hún opna númer 2 og svo fór hún að leika sér og svo fór hún að sofa og næsta dag fór hún að leika sér og hún gleymdi að opna dagatalið og næsta dag mátti hún opna númer 3 og 4 og hún átti góð jól.

Til þeirra er minna mega sín

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum ákveðið líkt og undanfarin fjögur skólaár, haft þann sið að hver nemandi og hver starfsmaður mæti með lokað umslag með frjálsu framlagi þriðjudaginn 18. desember. Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag.

Viðmiðið er kr. 300.– pr einstakling en öllum er að sjálfsögðu heimilt að sníða sér stakk eftir vexti hvað framlag varðar.

Þessi hugsun okkar tengist einum af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum í 6. bekk fimmtudaginn 20. desember, verður sú upphæð sem til hefur safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Gert er ráð fyrir því að skólastjóri afhendi fulltrúa Mæðrastyrksnefndar það sem safnast um kl. 13:30 á sal skólans.

Litlu-jól / Stofu-jól

Fimmtudaginn 20. desember 2007

- Árgangar byrja ýmist á litlu jólum eða stofujólum.
- Mæting í heimastofu.
- Jólastund í heimastofu / Gengið í fallegum röðum á sal.
- Gengið í kringum jólatré við undirleik.
- Bekkir búnir að fá lög til að æfa sig – syngja með um leið og gengið er kringum jólatré.



Árgangur	Litlu jól	Stofujól
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	12:50-13:40	12:00-12:50
7. bekkur	Jólaball 17.12 kl.18-20	10:00-11:30
8. bekkur	Jólaball 19.12.2007	10:00-11:30
9. bekkur	Jólaball 19.12.2007	10:00-11:30
10. bekkur	Jólaball 19.12.2007	10:00-11:30

Jólamorgun- stundir

Skólakórinn “jólin, jólin”

Yngsta deild—mánudaginn 17. desember kl. 8:10

1. bekkur: Syngja saman “Jólasveinar einn og átta” og flytja “Grýlukvæði” 1. og 2. erindi
2. bekkur: Syngja saman “9 litlir jólasveinar”
3. bekkur: Syngja lagið “Senn koma jólin”
4. bekkur: Óðinsheimar: Flytja “Grýlukvæði” e. Gunnar Karlsson
Pórsheimar og Baldursheimar : Verða með “Jóla-skemmtiatriði”

Miðdeild—föstudaginn 14. desember kl. 8:10

- Álfaheimar: Syngja lagið “12 days of Christmas”
- Hulduheimar: Syngja lagið “Santa Claus is coming to town”
- Ljósheimar: Jólasöngur
- Tunglheimar: Flytja “Grýlukvæði” e. Jóhannes úr Kötlum
- Fjallheimar: Nýir jólasveinar í tæknivæddum heimi.
- Jarðheimar: Syngja jólalag

Unglingadeild-miðvikudaginn 19. desember kl. 8:10

Söngvar og jólatrall á sal skólans

5. bekkur sýnir helgileik í upphafi hvernar morgunstundar.

Jólasamsöngur yngri og miðeilda þriðjudaginn 18. des.

Nú þegar lýður að jólum hefur kórinn haft nóg að gera.

Hann söng í Hafnarborg á Syngjandi jólum, tók þátt í aðventumessu í Ástjarnarkirkju, heimsótti Hrafnistu og endar síðan á því að syngja fyrir leikskóla hverfisins.

Kórinn sem skipaður er strákum og stelpum úr 4.- 6. bekk, syngur ýmis jólalög og m.a. eitt norsk lag sem að Leifur skólastjóri samdi texta við.

Kórstjóri er Dána Ívarsdóttir tónmenntakennari og undirleikari kórsins er Jenný Berglind Rúnarsdóttir, enskukennari.

Eftir jólafrí mun kórinn taka aftur til starfa og væri gaman ef fleiri nemendur bættust í hópinn. Margt er framundan t.d. 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar.

Æfingar eru á fimmtudögum frá kl. 15:00 – 16:00.



Nemendur í Hetjuheimum skrifa jólasveininum

Halló Stúfur

Hvernig hefur þú það. Ég er byrjuð í Áslandsskóla. Ég heiti Bríet Ósk og á vinkonu sem heitir Gyða. Nú á ég heima í Lóuási 15. Ég hlakka til að jólin komi. Þá er gaman og allir borða saman. Ég baka piparkökur með mömmu og Svanbirni.

Jólaþveðja.
Bríet Ósk í Hetjuheimum

Kæri Stúfur.

Ég ætla að vera stilltur og góður. Ég skal ekki rífast við bróður minn. Viltu þá gefa eitthvað falllegt.

Kveðja frá Jóni Leví í Hetjuheimum

Tröllaheimar—heilsdagsskóli í jólaleyfi

Fimmtudaginn 20. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali, en þá verða jólaskemmtanir.

Heilsdagsskólinn verður því opinn frá kl. 8:00 þann dag, þar sem dagskrá er með óhefðbundnum hætti.

Heilsdagsskólinn er síðan opinn í jólafríi nemenda sem hér segir:

Fimmtudaginn 20. desember kl. 8:00—17:00

Föstudaginn 21. desember kl. 8:00—17:00

Fimmtudaginn 27. desember kl. 8:00—17:00

Föstudaginn 28. desember kl. 8:00—17:00

Peir forráðamenn sem hyggjast nýta sér heilsdagsskólann í jólafríi eða breyta viðveru þann 20. desember, verða því að fylla út þar til gert pöntunarblað á skrifstofu skólans sem tilgreinir dvalartíma.

Einnig þarf greiðslukvittun að fylgja sem staðfesting þess að greiðsla hafi átt sér stað. **Slíkt þarf að berast á skrifstofu skólans í síðasta lagi föstudaginn 14. desember. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl þessa daga berist hún síðar.**

Rétt er einnig að geta þess að tilskylinn lágmarksfjöldi barna þarf dag hvern til að starfseminni sé haldið úti.

Það skal þó tekið fram að jólafrí er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins á skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 185 krónur—síðan bætist við kr. 170.– pr. máltíð/nesti sem geta mest orðið þrjár pr dag.

Nemendur í Hetjuheimum skrifa jólasveininum

Elsku Stúfur.

Þú ert góður jólasveinn og líka minnsti jólasveinninn. Þú ert uppáhalds jólasveinninn minn og þú gefur mér líka fallegar gjafir í skóinn. Ég vona að það sé skemmtilegt uppi á Esjunni og allir hafi það gott.

Kveðja.

Steinunn María í Hetjuheimum

Kæri Stúfur.

Nú er ég heima hjá mér og ég á tvær litlar systur sem heita Ellý og Sylvía og eina stóra sem heitir María Dögg. Þegar þú kemur viltu þá gefa mér nammi í skóinn. Ég lofa að vera Stílltur og geyma nammið þangað til ég opna pakkana. Viltu líka gefa Mariú systur nammi í skóinn. Ég vona að þú hafir það gott elsku Stúfur minn.

Pinn vinur

Arnór Logi í Hetjuheimum



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri